

## **Aðalstjórn Völsungs**

Dagsetning: 18.6.2024

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Erla Bjarnadóttir, Bergur Jónmundsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Lilja Friðriksdóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

### **1. Ársskýrsla samþættingar**

Fyrir aðalstjórn liggur skýrsla samþættingar fyrir starfsveturinn 2023/2024.

*Aðalstjórn lýsir ánægju sinni af samþættingarverkefninu og hversu gott og jákvætt samstarfið er á milli þeirra aðila sem koma að verkefninu.*

### **2. Ársskýrsla Völsungs**

*Ársskýrslan samþykkt af aðalstjórn. Skýrslan verður birt á heimasíðu félagsins fimmtudaginn 20. júní.*

### **3. Lagabreytingar fyrir aðalfund**

ÍSí gerði athugasemdir við lög Völsungs með bréfi dags. 8.4.2024. Fyrir aðalstjórn liggja drög að lagabreytingum sem byggðar eru á athugasemdum sem koma fram í bréfinu.

*Aðalstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að vísa lagabreytingunum til aðalfundar.*

### **4. Aðalfundur Völsungs**

Aðalfundur Völsungs fer fram fimmtudaginn 20. júní. Hann var auglýstur á fésbókarsíðu félagsins 6. júní síðastliðinn og í samræmi við lög félagsins þar sem kveðið er á um að fundurinn sé boðaður með 14 daga fyrirvara. Að auki birtist auglýsing í Skránni fimmtudaginn 13. júní þar sem minnt var á fundinn.

*Fundarstjóri verður: Linda Margrét Baldursdóttir*

*Ritari verður: Lilja Friðriksdóttir*

*Ingólfur mun kynna starfsemi sögunefndar á fundinum.*

*Aðalstjórn leggur til óbreytt félagsgjald, eða 4.500. kr.*

**Fundi slitið: 18:20**